



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/108**  
**komudagur 11.10.2012**

11. október 2012  
1209234

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til innheimtulaga nr. 95/2008, 103. mál.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 27. september 2012, þar sem óskað er umsagnar Seðlababankans um frumvarp til innheimtulaga nr. 95/2008, 103. mál (hér eftir „*frumvarpið*“). Þótt innheimtulög séu í sjálfu sér ekki á sviði Seðlabankans vill bankinn taka eftirfarandi fram um efnisatriði frumvarpsins:

**Í fyrsta lagi** vill Seðlabankinn benda á að í c. lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur lagatextinn fyrir tvisvar, þ.e. er endurtekinn.

**Í öðru lagi** má velta því fyrir sér hvort það sé heppilegt að innheimtuaðila sé veittur *hæfilegur frestur* til úrbóta áður en til afturköllunar innheimtuleysis kemur, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn bendir á að það sé ef til vill eðlilegra að kveða á um ákveðinn frest til úrbóta áður en til afturköllunar kemur, t.d. ákveðinn daga-, viku- eða mánaðafjöldi.

**Í þriðja lagi** vill Seðlabankinn ítreka umsögn sína frá 30. maí 2011 um sama efni vegna 643. máls á 139. löggjafarþingi, en þar benti bankinn á meinbugi varðandi refsheimild í b. lið 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Í umræddri umsögn segir m.a. að grundvallarreglan um lögbundnar refsheimildir mæli fyrir um að ekki skuli refsa mönnum fyrir annað en það sem refsing sé lögð við í lögum og að af grundvallarreglunni leiði að gera verði þær kröfur til refsheimilda að þær séu skýrar en ekki óljósar og teygjanlegar. Jafnframt er í umsögninni bent á að sú refsheimild sem gert er ráð fyrir að bætt verði við 1. mgr. 18. gr. laga nr. 95/2008, þ.e. að hægt verði að leggja stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn 6. gr. laganna um *góða innheimtuhætti* sé of óljós og teygjanleg til að geta talist gild refsheimild. Í framhaldi af þessu vill Seðlabankinn benda á að í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er sambærilegt ákvæði og í 6. gr. laga nr. 95/2008, en í því segir að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Til fyllingar á þessu ákvæði segir svo í 2. mgr. sama ákvæðis að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir

fjármálafyrirtækja samkvæmt lögunum. Fyrir vikið er refsheimild í 7. t. l. mgr. 110. gr. laga nr. 161/2002 skýrari og í fastari skorðum.

Að öðru leyti gerir Seðlabankinn ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sighvatsson,  
aðstoðarseðlabankastjóri



Sigríður Logadóttir,  
aðallögfræðingur